

Fjarðabyggð
Hafnargötu 2
730 Reyðarfjörður

Egilsstaðir, 14. desember 2022
UST202211-199/F.Æ.
08.14.02

Efni: Lokunareftirlit þann 22.11.2022 – Fjarðabyggð, Heydalamelar

Þann 22. nóvember sl. fór fram lokunareftirlit á urðunarstað Fjarðabyggðar á Heydalamelum. Í samræmi við 61. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Eitt frávik var opið þegar eftirlitið fór fram:

1. Gr. 1.4 í fyrirmælum um frágang og vöktun. Frágangi átti að vera lokið 8. september 2020. Við eftirlit kom í ljós að frágangi urðunarstaðarins er ekki lokið. Eftir á að ganga frá gryfju neðst á urðunarstaðnum og fjarlægja annan úrgang sem þar er.
Samþykkt úrbótaáætlun gerði ráð fyrir að frágangi á urðunarstaðnum yrði lokið eigi síðar en 15. maí 2022. Í eftirlitinu var nokkur úrgangur sýnilegur í eða á yfirborði. Umhverfisstofnun óskar eftir uppfærðri úrbótaáætlun.

Ein ábending var gerð í eftirlitinu:

1. Endanlegur frágangur skal falla sem best að landslaginu. Malarhaugar á svæðinu stínga nokkuð í stúf við umhverfið.

Eitt frávik kom fram er varðar:

1. Gr. 1.7 í fyrirmælum um frágang og vöktun. Niðurstöður skráninga sem átti að skila fyrir 1. maí 2022, hafa ekki borist eftirlitsaðila.

Umhverfisstofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindum atriðum í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 5. janúar 2023.

Virðingarfyllst,

Freyr Ævarsson
Sérfræðingur

Sigríður Magnúsdóttir
Sérfræðingur